



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Framreiðslumaður - framreiðsla

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Waiter

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- undirbýr og stjórnar undirbúningi á hvers kyns fundum, móttökum, borðhaldi og veisluhöldum með viðeigandi hætti. Annast og stjórnar frágangi í veitinga- og veislusölum og vinstúku
- velur framreiðsluaðferð eftir tilefni og stjórnar veisluhaldi innan veitingahúss í samstarfi við matreiðslumenn. Skipuleggur og stjórnar störfum í vinstúku
- setur upp mat- og vínseðla og kokteillista. Blandar, framreiðir og afgreiðir áfenga og óáfenga drykki sem og fjölbreytta kaffidrykki
- býr yfir umfangsmikilli og haldgóðri þekkingu á þróunarsögu víngerðar, einkennum helstu þrúgna og þáttum sem hafa áhrif á einkenni víns. Hann þekkir ferli í framleiðslu á ýmsum vínum, styrktum víngerðum, eimuðu áfengi og bjór
- tekur á móti gestum með viðeigandi hætti, sýnir háttvísi og þjónustulund, skilning og vilja til að koma til móts við óskir og þarfir viðskiptavina sem hafa ólíka siði, venjur og menningarlegan bakgrunn
- fræðir og leiðbeinir gestum, m.a. um hráefni og matreiðsluaðferðir rétta á matseðli, vín á vínseðli og val á drykkjarföngum sem samræmist vali á mat
- gætir þagmælsku og er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína
- getur annast daglega stjórnun í veitingasal, gert ábyrgar áætlanir um veitingarekstur og mannahald til lengri og skemmi tíma og gengið frá uppgjöri í samræmi við sölukerfi veitingahússins.
- hefur vald á íðorðum greinarinnar og getur tjáð sig og leiðbeint um fagleg málefni

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Framreiðslumaður starfar við veitingaþjónustu og undirbýr fundi, móttökur, borðhald og veisluhöld og annast daglega stjórnun í veitingasal. Einnig gerir hann áætlanir um veitingarekstur og mannahald. Hann starfar þar sem eru seldar veitingar í atvinnuskyni, s.s. á veitingahúsum, kaffihúsum, hótelum, í flugvélum og á farþegaskipum. Rétt til starfa við framreiðslu eiga þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í framreiðslu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanámi er samtals 80 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is